



## JÖFN LAUN

Þar sem Jafnlaunavottun er umfangsmikil og kostnaðarsöm og nær eingöngu til fyrirtækja sem eru með 25 starfsmenn og fleiri hvetjum við fyrirtæki með færri en 25 starfsmenn til að gefa út yfirlýsingu um jöfn laun fyrir alla starfshópa, sambærilegri og gert er með jafnlaunavottun en með einfaldari útfærslu.

### Yfirlýsing um jöfn laun

Undirritaður fyrir hönd \_\_\_\_\_ lýsi því yfir að fyrirtækið greiðir öllu starfsfólki jöfn laun samkvæmt 19. gr. laga nr. nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Í lögnum sem gjarnan eru kölluð „jafnréttislög“ kemur fram að konum og körlum er starfa hjá sama vinnuveitanda séu greidd jöfn laun og þau njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Með jöfnum launum er átt við að laun séu ákveðin á sama hátt fyrir konur og karla. Þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun fela ekki í sér kynjamismunun.

Með hugtakinu sama eða jafnverðmætt starf er átt við að vinnuframlag, verðmætasköpun og framkvæmd verkefna sé sambærileg.

Ef leiddar eru líkur á að koma og karl sem starfa hjá sama vinnuveitanda njóti mismunandi launakjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf hvílir sönnunarbyrði á vinnuveitanda að sýna fram á að munurinn skýrist af öðrum þáttum en kyni, sbr. 2. mgr. 25. gr. jafnréttislaga.

---

*Skjal þetta er til leiðbeiningar við innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og upplýsingar sem fram koma eru hvorki fullbúnar né tæmandi.*

---